

Stjórnarfundur STÍ nr. 19 24.3.2024

Stjórnarfundur STÍ haldin á Teams. Fundur hefst kl. 12:00

Fundarritari: Magnús Ragnarsson

Mættir eru:

Halldór Axelsson, Guðmundur kr. Gíslason, Magnús Ragnarsson, Jórunn Harðardóttir, Ómar Örn Jónasson.

Fundardagskrá:

1. Mótahald innanlands í Benchrest og loftgreinum

Sent verði út á félög hvaða félög séu til að halda mót í Benchrest, í randkveiktu í WRABF og svo WBSF, ásamt í miðkveiktri grúppukeppn samkvæmt reglum WBSF og að lokum skorkeppni í miðkveiktu sem fara eftir stigareglum IBS og búnaðarreglum WBSF. Að minnsta kosti Íslandsmót í hverri grein og svo ef félög hafi áhuga á landsmótum í einhverjum greinum. Félögin leggji til dagssetningar sem taka mið af mótaskrá og alþjóðlegum mótum. Frestur gefinn til 5. April að senda inn tillögur.

Farið yfir mótahald í loftgreinum og áskoranir varðandi stjórnun móta en upp hafa komið vandamál er varða tæknilega útfærslu móta og rekstur þeirra. Mismunandi tækjabúnaður er fyrir hendi og jafnframt hefur verið erfitt að manna mótin.

2. Yfirlit yfir verkefni framundan

Halldór fer yfir verkefni framundan, en það hefur liðið langt milli funda þar sem einn fundur datt út. Mikil vinna er búin að vera í afreksmálum. Bæði varðandi Hákon og Ólympíuleika en keyrt verður á afreksstarfið eins og að Hákon fari á Ólympíuleikana en það lítur mjög vel út.

3. Önnur mál

Farið yfir erindi frá Skotíþróttafélaginu Markviss og ákvörðun lögreglustjóra á Norðulandi vestra. STÍ mun senda aftur erindi á ráðuneytið og óska eftir fundi.

Farið yfir nýsamþykkt drög að vopnalögum og þarf að ýta á aðkomu STÍ að þeim málum þegar reglugerð verður samin hjá ráðuneytinu. Haft hefur verið sambandi við STÍ frá embætti LRH varðandi aðkomu að ákveðinni vinnu við innleiðingu. STÍ mun óska eftir fundi en þrátt fyrir áður innsenda ósk um aðkomu að reglugerðavinnu hefur ekki verið haft samband við STÍ frá ráðuneytinu.

Erindi frá Skotdeild Keflavíkur með ráðgjöf varðandi skotvelli sem leggja norðarlega á norðurlöndum til að skoða með tilliti kúlufanga og þessháttu. STÍ mun athuga og koma með tillögur óformlega.

Rætt um Target Sprint greinina en ákveðin vakning hefur verið um þá grein. Greinin er undir ISSF og hafa íþróttafélög haft samband varðandi þessar greinar. Mun stjórn skoða þetta betur og kynna sér.

Rætt um þjálfaramál. Nokkur þjálfaranámskeið fyrirhuguð hjá ISSF og ESC. Rætt um að gera það að kröfu að fólk hafi þjálfarastig 1. hjá ÍSí til að vera gjaldgengur á þjálfaranámskeið erlendis.

Rætt um Jón Þór, en hann er einn öflugast skotmaður okkar. Honum hefur verið boð frá Svissneska skotíþróttasambandinu að æfa með liðinu og athugar með styrki vegna þessa.

Fundi slitið 13:20